

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um skuldabréfaútböð Reykjavíkurborgar

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 17. ágúst sl., vegna skuldabréfaútböðs. Fyrirspurnin er eftirfarandi:


„Fyrirhugað er enn eitt skuldabréfaútböðið hjá borginni sem hefur fullnýtt yfirdráttarheimild sína hjá Íslandsbanka nú um miðjan ágúst og þarf borgin að fjármagna sig með skuldabréfaútböðum það sem eftir er ársins. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um eftirfarandi: Á borgin enga aðra valkosti en að fara í skuldabréfaútböð og þarf hún bara að taka þeim tilboðum sem berast, hvernig sem þau líta út? Hvað gerist ef ekki er mikill áhugi fyrir skuldabréfaútböðum borgarinnar? Hvað gerir borgin ef hún nær ekki að fjármagna sig með fyrirhuguðum skuldafjárútböðum eins og fyrirhugað er? Eru skuldabréfaútböðin ætluð til að fjármagna rekstur borgarinnar, eru þau ætluð til að fjármagna framkvæmdir á vegum borgarinnar eða eru þau ætluð til að fjármagna afborganir lána?“

Svar:

Reykjavíkurborg er með yfirdráttarheimild hjá Landsbankanum að fjárhæð 8.000 m.kr. en henni er ætlað að mæta sveiflum í sjóðsstreymi innan mánaðar. Þær sveiflur geta verið umtalsverðar þar sem Fjársýsla ríkisins skilar tekjum borgarinnar að jafnaði 2-3 dögum eftir að borgin stendur skil af launatengdum gjöldum. Yfirdráttarheimildinni er ekki ætlað að standa undir fjárfestingum borgarinnar. Á þessu ári hefur hún verið notuð einu sinni og þá aðeins lítið brot af heimildinni.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er lántökuheimild 21.000 m.kr. og fjárfestingar ársins áætlaðar 25.375 m.kr. Undanfarin ár hefur borgin sótt sér fjármögnun með útgáfu skuldabréfa á markaði og eru útgefin skuldabréf um 90% af fjármögnun borgarinnar. Því til viðbótar hefur borgin samið um langtímalán við Íslandsbanka og Landsbanka að fjárhæð 6.000 m.kr. hjá hvorum banka. Reykjavíkurborg þarf að reiða sig á ytri fjármögnun þegar fjárfestingarstigið er hátt. Áætlað er að fjármagna það sem eftir er af lántökuheimild ársins með skuldabréfaútböðum en einnig kemur til greina að fjármögnun verði með öðrum hætti, t.d. beinni lántöku.

Mjög misjafnt er hversu mörg tilboð berast í hverju skuldabréfaútböði og líklega margar ástæður fyrir því, almennar aðstæður á markaði, útböð annarra svo dæmi séu tekin. Alla jafna eru það þeir fjórir bankar sem sinna viðskiptavakt með skuldabréf borgarinnar sem hafa umsjón með útböðum og senda inn tilboð fyrir hönd sinna viðskiptavina. Faghópur um fjárfstýringu fer yfir tilboðin og tekur ákvörðun um hvort og þá hversu háum tilboðum á að taka. Ákvörðun faghópsins er síðan lögð fyrir borgarráð til samþykktar ásamt greinargerð. Eftirfarandi mynd sýnir tilboð og boðhlutfall í skuldabréfaútböðum borgarinnar síðan 2021.



Fjármögnun borgarinnar er ætlað að standa undir fjárfestingum ársins. Gangi fjármögnun ekki samkvæmt áætlun hlýtur að koma til greina að draga úr eða fresta fjárfestingum. Fjármögnun á skuldabréfamarkaði er ekki ætlað að fjármagna rekstur. Á því var þó sú undantekning að árið 2021 var gefið út 3ja ára óverðtryggt skuldabréf að fjárhæð 4.970 m.kr. til að takast á við samdrátt í rekstri það ár vegna kórónuveirufaraldursins. Sú ráðstöfun byggði á undanþágu í sveitarstjórnarlögum og var tillagan lögð fyrir borgarráð til samþykktar.

Fjármögnun borgarinnar samkvæmt fjárhagsáætlun tekur mið af áætluðu handbæru fé frá rekstri, nettó fjárfestingarhreyfingum s.s. fjárfestingum í varanlegum rekstrarfjármunum, seldum byggingarétti, greiddum gatnagerðargjöldum, stofnframlögum og nettó fjármögnunarhreyfingum s.s. fjármögnun og greiddum afborgunum af lánum og leiguskuldum til að tryggja stöðu handbærs fjár í árslok. Samkvæmt samþykktri fjármálastefnu skal staða handbærs fjár í árslok vera hærra en 8.000 m.kr.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs